



Fimleikabing 21. maí 2023

Pingskjal nr. \_\_\_\_\_

## Tillaga frá stjórn FSÍ um nýja 26. gr. laga Fimleikasambands Íslands. Númer annarra greina breytist í samræmi.

### 26. gr.

#### Viðurlög

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart félögum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

- a) Áminning.
- b) Bann við þátttöku í FSÍ mót.
- c) Bann við að halda FSÍ mót.
- d) Brottvísun úr mót.
- e) Fésekt.

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum FSÍ geta verið eftirfarandi gagnvart einstaklingum. Stjórn FSÍ tekur ákvörðun um viðurlög:

- a) Áminning.
- b) Brottvísun.
- c) Keppnisbann.
- d) Bann frá búningsklefum og/eða keppnissvæði.
- e) Bann frá keppnisstað.
- f) Bann frá allri þátttöku í fimleikum.

#### Greinargerð:

Greinin er sett inn til að skerpa á þeim viðurlögum sem nú þegar er að finna í reglugerðum en betur fer á því að festa viðurlögin í lög sambandsins.

Sent til:

Laganefndar  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  \_\_\_\_\_ nefndar